



FUNDARGERÐ
10. fundur Odda bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , miðvikudaginn 3. maí 2023
og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Ísleifur Jónasson, Valtýr Valtýsson og Jón G. Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit Odda bs. 2023 - 2302140

Yfirlit um rekstur byggðasamlagsins jan-mars.

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri fór yfir rekstur byggðasamlagsins janúar-mars 2023.

Á fundinn mæta Sigrún Björk Benediktsdóttir leikskólastjóri á Laugalandi og Ingigerður Stefánsdóttir leikskólastjóri Heklukots og gera grein fyrir rekstri ársins 2022 og horfur á árinu 2023.

Stjórn þakkar skólastjórunum fyrir upplýsingarnar.

2. Skóladagtöl 2023-2024 - 2304063

Drög að skóladagatölum 2023-2024.

Lögð fram drög að skóladagatölum 2023-2024 fyrir skóla Odda bs.

Leikskólastjórar fóru yfir skóladagatöl leikskólanna. Skóladagatöl grunnskólanna lögð fram til kynningar.

3. Vorfundur Odda bs. - 2304073

Lagt til að vorfundur Odda bs. verði haldinn mánudaginn 22. maí nk. kl. 16:00 í Laugum fundarsal sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða.

4. Fagháskólanám í leikskólafræði á landsvísu - 2304020

Lagt fram til kynningar upplýsingar frá Háskólanum á Akureyri um fagháskólanám í


leikskólafræðum á landsvísu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:50.


Margrét Harpa Guðsteinsdóttir


Eggert Valur Guðmundsson


Ingvar Pétur Guðbjörnsson


Ísleifur Jónasson



